



Áritun Berglind Þorsteinsdóttir safnstjóri áritaði barnabók sína, Vetrardagur í Glaumbæ, fyrir unga lesendur.



Handverk Laufabrauð var skorið út í gamla bænum í Glaumbæ og sýnt hvernig vinna mátti úr hrosshárum.



Söngur Stjörnukór Tónadans tók lagið í baðstofunni undir stjórn Kristínar Höllu Bergsdóttur. Sungu einnig við Áshúsið.

Sannur jólaandi sveif yfir Glaumbæ

● Aðventugleði og útgáfuhóf vegna barnabókarinnar Vetrardagur í Glaumbæ ● Innsýn í undirbúning jóla forðum daga ● Rímnakveðskapur, söngur og sögur, kertagerð og laufabrauð skorið út

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

„Það sveif sannur jólaandi yfir safnsvæðinu og óhætt að segja að viðburðurinn hafi heppnast vel og allir skemmt sér konunglega,“ segir Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagafirðinga, en safnið stóð fyrir aðventugleði og útgáfuhófi í Glaumbæ sl. sunnudag.

Tilfnið var útkoma barnabókar sem Berglind skrifaði, Vetrardagur í Glaumbæ, en bókina prýða myndir eftir franska listamanninn Jérémy Pailler. Er þetta sjálfstætt framhald bókarinnar Sumardagur í Glaumbæ. Sama dag var opnuð sýning í Áshúsi á bókinni og myndum úr henni eftir Pailler.

Söguvið bókanna er Glaumbær og sögurnar að mestu byggðar á raunverulegum frásögnum og fólki sem bjó í Glaumbæ og Skagafirði á 19. öld.

Að sögn Berglindar var mjög vel mætt af jafnt börnum sem fullorðnum og margir lært sitt hvað um undirbúning jólaanna fyrir á tíð.

Þjóðháttaá hugafólk frá Akureyri og félagar úr Kvæðamannafélaginu Gefjun héldu starfsdag í Glaumbæ og komu sér vel fyrir í gamla bænum.

„Hópurinn fór með kveðskap og sýndi tóvinnu, kertagerð, laufabrauðsútskurð, jólaskrautgerð og skreytingu á jólatré. Þá fengu ungir gestir tækifæri til að spreyta sig á sumum þessara handverka,“ segir Berglind.

Einnig sýndi Margrét Ingvarsdóttir frá Ytri-Mælifellsá hvernig vinna má með hrosshár og prúðbúna Pilsaþytskonur settust við handverk og samveru í Prestshúsi. Þá kom Stjörnukór Tónadans og söng nokkur jólalög fyrir utan Áshúsið og í baðstofunni í Glaumbæ undir stjórn Kristínar Höllu Bergsdóttur.



Jólagleði Börnin mættu prúðbúin og jólaleg á aðventugleðina.



Skreyting Jólatré var skreytt að fornum sið og kertin lýstu upp bæinn.

Ljósmyndir/Siggiphotography

Gjafaleikur!

Allir sem kaupa gjafabréf að lágmarki **10.000 kr.** fara sjálfkrafa í pott sem dregið verður úr þann 5. janúar 2024.

Vinningshafarnir eiga möguleika á að vinna **50.000 kr. - 100.000 kr.** inneign sem nota má uppí hvaða ferð sem er.

Í pottinum eru:

- 3 x 50.000 kr. inneign
- 1 x 100.000 kr. inneign



Síðumúli 29
552-2018
info@tasport.is
TAsport.is






